


TORSBODA



Design and Quality
IKEA of Sweden

Efnisyfirlit

Öryggi	4	Ráð um þvottaefni	18
Almennar upplýsingar	4	Fyllt á þvottaefnið	19
Fyrirhuguð notkun	4	Leirtau	19
Takmarkanir notendahóps	4	Skemmdir á gleri og leirtau	19
Örugg uppsetning	4	Raðað inn leirtau.....	19
Örugg notkun	5	Þvottur leirtaus.....	20
Skemmd tæki	6	Grundvallaratriði varðandi notkun	20
Hættur fyrir börn	6	Kveikt á vélinni.....	20
Forðist skemmdir	7	Kerfi stillt.....	20
Örugg uppsetning	7	Stilling viðbótarkerfa.....	20
Örugg notkun	7	Stilling forvals tíma	20
Umhverfisvernd og sparnaður	7	Kerfi sett í gang	20
Umbúðum fargað.....	7	Kerfi truflað	21
Orkusparnaður.....	7	Kerfi stöðvað	21
Aquasensor.....	7	Slökkt á vélinni.....	21
Sjálfvirk hurðaropnun	7	Grunnstillingar	22
Uppsetning og tenging	8	Yfirlit yfir grunnstillingar	22
Afhentur búnaður.....	8	Grunnstillingum breytt.....	23
Tæki sett upp og tengt.....	8	Þrif og umhirða	23
Frárennislögn	8	Þrif á geymi vélarinnar	23
Neysluvatnslögn.....	8	Hreinsiefni.....	23
Tenging við rafmagn.....	8	Ábendingar um umhirðu tækja.....	23
Vörulýsing	9	Machine Care 	23
Tækið.....	9	Síukerfi.....	24
Stjórnborð.....	10	Þrif á úðaörmum	25
Yfirlit yfir kerfi	12	Bilanagreining	26
Upplýsingar um prófstofnanir	12	Vélaröryggi.....	26
Viðbótarstillingar	13	Villukóði / villuboð / merki	26
Búnaður	13	Útkoma uppþvottar	28
Efri leirtauskúffa	13	Athugasemdir á skjásvæði.....	31
Neðri leirtausrekki	14	Bilanir	31
Hnífapararekki	14	Skemmdir á vél	32
Hilla	15	Hávaði.....	32
Grindur	15	Þrif á frárennislidælu.....	33
Hæð leirtausrekka	15	Flutningar, geymsla og förgun	33
Fyrir fyrstu notkun	16	Vél tekin í sundur.....	33
Fyrsta gangsetning	16	Vél frostvarin	33
Vatnsmýkingarefni	16	Vél flutt	33
Yfirlit yfir stillingar vatnshörku.....	16	Förgun gamalla véla.....	33
Stilling vatnsmýkingarefnis	16	Tæknilegar upplýsingar	34
Salt fyrir uppþvottavélar.....	16	Upplýsingar um ókeypis og opinn hugbúnað	34
Slökkt á kerfi vatnsmýkingarefnis	17	Samræmisyfirlýsing	34
Endurnýjun vatnsmýkingarefnis	17	IKEA ábyrgðarskírteini	34
Notkun gljáa	17	Notendapjónusta	35
Gljái	17		
Stillingar aukagljáa	17		
Slökkt á notkun gljáa	18		
Þvottaefni	18		
Hentug þvottaefni	18		
Óhentug þvottaefni	18		

Öryggi

Fylgið eftirfarandi öryggisleiðbeiningum.

Almennar upplýsingar

- Lesið þennan leiðarvísi vandlega.
- Geymið handbók og vöruupplýsingar fyrir síðari tilvísanir eða seinni eigendur.
- Ekki tengja tækið ef það hefur orðið fyrir tjóni í flutningum.

Fyrirhuguð notkun

Notið tækið eingöngu:

- til að þvo heimilisleirtau.
- á heimilum eða í lokuðum rýmum þess.
- í allt að 4000 m yfir sjávarmáli.

Takmarkanir notendahóps

Börn, 8 ára og eldri og fólk með skerta líkamlega, skynræna eða andlega getur, eða skort á reynslu og/eða þekkingu, mega nota þetta tæki, ef þau eru undir eftirlitið eða hafa fengið leiðbeiningar um örugga notkun tækisins og skilja hættuna sem getur fylgt.

Börn mega ekki leika sér að tækinu.

Börn mega ekki sjá um þrif og viðhald tækis nema undir eftirliti.

Haldið börnum yngri en 8 ára frá tækinu og tengisnúru þess.

Örugg uppsetning

VIÐVÖRUN – Hætta á slysum!

- Röng uppsetning getur valdið meiðslum.
- Við uppsetningu og tengingu tækist skal fylgja leiðbeiningum í notenda- og samsetningarhandbókum.

VIÐVÖRUN – Hætta á raflosti!

- Ef ekki er staðið rétt að uppsetningu getur það skapað hættu.
 - Tengid og notið tækið í samræmi við forskriftir á kennispjaldi.
 - Notið ávallt rafmagnssnúruna sem fylgir með nýju tæki.
 - Aðeins skal tengja tækið við rafmagnsgjafa í gegnum réttar jarðtengdar innstungur.
 - Hlíðarleiðarakerfi rafmagnshússins verður að vera rétt sett upp.
 - Aldrei nota tækið með utanaðkomandi fylgihlutum s.s. tímamæli eða fjarstýringu.
 - Í uppsetningu tækis verður rafmagnstengið að vera aðgengilegt, ef svo er ekki verður að setja upp fjölpóla aftengibúnað í rafmagnskassa í samræmi við uppsetningarreglur.
 - Þegar tækið er sett upp skal ganga úr skugga um að rafmagnssnúran sé ekki klemmd eða skemmd.
- Hættulegt er að klippa inntaksslönguna eða setja vatnskassalokann í vatn.
 - Ekki má láta vatn fljóta yfir plathúsið. Rafloki er á plathúsinu á inntaksslöngunni.
 - Klippið aldrei inntaksslönguna. Inntaksleiðslan inniheldur rafstrengi.

VIÐVÖRUN – Eldhætta!

- Hættulegt er að nota framlengingarsnúru eða önnur millistykki sem ekki eru samþykkt.
 - Notið ekki framlengingarsnúru eða fjöltengi.
 - Einungis skal nota millistykki og rafmagnstengisnúru sem eru samþykkt af framleiðanda.

- Ef rafmagnstengisnúran er of stutt og ekki lengur til staðar skal hafa samband við rafvirkja til að laga uppsetningu hússins.
- Snerting á milli tækis og uppsetningarlína getur leitt til galla í uppsetningarlínunum, t.d. á gaslínur og raflínur. Gas frá ryðinni gaslínu getur kviknað í. Skemmd raflína getur valdið skammhlaupi.
- Gakktu úr skugga um að það sé að minnsta kosti 5 cm fjarlægð á milli tækisins og uppsetningarröranna.

⚠ **VIÐVÖRUN – Hætta á slysum!**

- Þegar tækjahurð er opnuð eða henni lokað hreyfast hjarirnar og geta valdið slysum.
- Ef tæki sem ísett eru neðan frá eða eru innbyggð eru ekki föst í hólfi sínu og hliðarveggur er þannig aðgengilegur þarf að fóðra svæðið sem hjarirnar hreyfst um til hliðanna. Hlífarnar eru fánlegar hjá IKEA eða héraðs- og borgaryfirvöldum.

⚠ **VIÐVÖRUN – Hætta á veltu!**

- Röng uppsetning getur valdið halla tækis.
- Undireiningar eða samþætt tæki skal aðeins staðsetja undir stöðugu vinnuborði sem er fest við aðliggjandi skápa.

Örugg notkun

⚠ **VIÐVÖRUN – Hætta á alvarlegum heilsuskaða!**

- Ef ekki er farið eftir öryggisleiðbeiningum og notkunarleiðbeiningum á umbúðum þvottaefnis eða hreinsiefnis getur það valdið alvarlegu heilsutjóni.
- Fylgið öryggis- og notkunarleiðbeiningum á umbúðum þvottaefnis og hreinsiefnis.

⚠ **VIÐVÖRUN – Sprengihætta!**

- Leysiefni í þvottahólfi tækis getur valdið sprengingum.
- Setjið aldrei leysiefni í þvottahólf tækisins.
- Sterk basísk ætiefni eða mjög súr hreinsiefni í snertingu við hluti þvottahólfsins úr áli geta valdið sprengingum.
- Notaðu aldrei sterk basísk ætiefni eða mjög súr hreinsiefni, sérstaklega ef ætluð eru í atvinnu eða iðnaði, ásamt álhlutum (t.d. fitusíur eldavéla eða álpotta) í umhirðu tækis.

⚠ **VIÐVÖRUN – Hætta á slysum!**

- Opnun hurðar tækis getur valdið meiðslum.
- Til að forðast slys, t.d. fall, skal hurð tækis eingöngu opnuð og lokuð í þeim tilgangi að setja eða fjarlægja leirtau.
- Ekki skal sitja eða standa á opinni hurð tækis.
- Hnífar og önnur beitt áhöld geta valdið meiðslum.
- Setjið hnífa og beitt áhöld í hnífaparakörfu eða hnífabakka með beitta hlutann vísandi niður.

⚠ **VIÐVÖRUN – Hætta á að brenna sig!**

- Heitt vatn getur skvettst úr tæki ef hurð þess er opnuð á meðan tækið er í gangi.
- Opnið hurð tækis varlega á meðan það er í gangi.

⚠ **VIÐVÖRUN – Hætta á raflosti!**

- Raki sem kemst inn getur valdið raflosti.
- Tækið skal einungis notast innandyra.
- Tækið má ekki verða fyrir miklum hita og raka.
- Ekki nota háþrýstiúða eða gufuhreinsi til að þrifa tækið.
- Skemmd einangrun rafmagnssnúrunnar er hættuleg.
- Látið rafmagnssnúruna ekki komast í snertingu við heita hluti eða varmauppsprettur.

- Rafmagnssnúran má aldrei snerta oddhvassa hluti eða hvassar brúnir.
- Aldrei má brjóta upp á rafmagnssnúruna, kremja hana eða breyta henni á neinn hátt.

Skemmd tæki

⚠ **VIÐVÖRUN – Hætta á raflosti!**

- Skemmt tæki eða rafmagnssnúra er hættulegt.
 - Notið aldrei skemmt tæki.
 - Notið aldrei tæki með sprungið eða brotið yfirborð.
 - Ekki toga í rafmagnssnúruna til að aftengja tækið rafmagni. Takið alltaf í rafmagns-klónna.
 - Ef tækið eða rafmagnssnúra er skemmd skaltu taka strax úr sambandi eða slá út öryggi og skrúfa fyrir vatnskrana.
 - Hafið samband við notendapjónustu.
- Ófullnægjandi viðgerðir eru hættulegar.
 - Aðeins hæft starfsfólk má gera við tækið.
 - Einungis má nota upprunalega varahluti til að gera við tækið.
 - Ef rafmagnstengisnúra eða tengisnúra þessa tækis er skemmd, verður að skipta henni út fyrir sérstaka nettengisnúru eða sérstaka tækjatengisnúru sem fæst hjá framleiðanda eða þjónustuveri hans.

Hættur fyrir börn

⚠ **VIÐVÖRUN – Hætta á köfnun!**

- Börn geta kafnað ef þau setja umbúðir yfir höfuð sér eða upp í sig.
 - Geymið umbúðir þar sem börn ná ekki til.
 - Börn mega ekki leika sér að umbúðunum.
- Börn geta kafnað ef þau anda að sér eða neyta smáhluta.
 - Geymið smáhluti þar sem börn ná ekki til.
 - Börn mega ekki leika sér að smáhlutunum.
- Börn geta lokast í tækinu og kafnað.
 - Notaðu barnalæsingu ef slíkt er til staðar.
 - Börn mega ekki nota tækið eða leika sér að því.

⚠ **VIÐVÖRUN – Hætta á heilsuskaða!**

- Börn geta lokast inni í tækinu og lent í lífshættu.
 - Ef um ræðir tæki sem ekki lengur í notkun skal aftengja rafmagnstengið á snúrunni, klippa síðan rafmagnssnúruna og eyðileggja læsingu hurðar tækis svo hún lokist ekki lengur.

⚠ **VIÐVÖRUN – Hætta á að kremjast!**

- Börn geta festst milli hurðar og innréttingar þegar tæki eru staðsett ofan á innréttingu.
 - Hafið aðgát ef hurð tækis er opnuð og lokuð í návist barna.

⚠ **VIÐVÖRUN – Hætta á efnabruna!**

- Skolunar- og hreinsiefni geta valdið bruna í munni, hálsi og augum.
 - Geymið hreinsi- og þvottaefni þar sem börn ná ekki til.
 - Haldið börnum frá opnu tæki. Vatnið í þvottahólfinu er ekki drykkjarhæft. Þar geta leynst leifar af hreinsi- og þvottaefni.

⚠ **VIÐVÖRUN – Hætta á slysum!**

- Börn geta klemmt og meitt fingur sína í raufum við lok hólfis þvottaefnis.
 - Haldið börnum frá opnu tæki.

Forðist skemmdir

Örugg uppsetning

ATHUGIÐ!

- Röng uppsetning tækis getur valdið skemmdum.
 - Ef uppþvottavélin er sett undir eða yfir önnur heimilistæki, fylgið uppsetningarleiðbeiningum uppþvottavélar ásamt uppsetningarhandbók viðkomandi heimilistækis.
 - Ef engar upplýsingar eru tiltækar eða þær koma ekki fram í uppsetningarleiðbeiningum verður að leita til framleiðanda viðeigandi heimilistækja til að tryggja að leyfilegt sé að setja uppþvottavélina fyrir neðan eða ofan viðkomandi heimilistæki.
 - Ekki má setja uppþvottavélina fyrir ofan eða neðan tæki ef engar upplýsingar frá framleiðanda liggja fyrir.
 - Til að tryggja örugga notkun allra heimilistækja, fylgdu áfram uppsetningarleiðbeiningum uppþvottavélarinnar.
 - Ekki setja uppþvottavélina undir helluborð.
 - Ekki hafa uppþvottavélina nálægt hitagjöfum s.s. ofnum, hitageymslu, bakaraofnum eða öðrum tækjum sem framleiða hita.
- Snerting á milli einingarinnar og vatnsröranna getur valdið tæringu á vatnsrörinu og vatnsrörið getur lekið.
 - Gakktu úr skugga um að það sé að minnsta kosti 5 cm fjarlægð á milli tækisins og vatnsrörsins. Þetta hefur ekki áhrif á meðfylgjandi lagnir fyrir neysluvatnstengingu og frárennslistengingu.
- Breyttar eða skemmdar vatnsslöngur geta valdið tjóni á eignum og tækjum.
 - Aldrei beygja, kreista, breyta eða skera sundur vatnsslöngur.

- Notið eingöngu meðfylgjandi vatnsslöngur eða upp-runalegar varaslöngur.
- Aldrei skal endurnýta notaða vatnsslöngu.
- Of líttill eða of mikill vatnsþrýstingur getur haft neikvæð áhrif á virkni tækisins.
- Tryggðu að vatnsþrýstingurinn í vatnsveitukerfinu sé a.m.k. 50 kPa (0,5 bör) og að hámarki 1000 kPa (10 bör).
- Ef vatnsþrýstingurinn er hærri en sem nemur tilgreindu hámarksgildi verður að setja afþrýstiloka milli drykkjarvatnstengingarinnar og slöngubúnaðar tækisins.

Örugg notkun

ATHUGIÐ!

- Vatnsgufur frá tæki geta skemmt innréttingu.
 - Leyfið tæki að kólna aðeins áður en hurðin er opnuð.
- Sérstakt salt fyrir uppþvottavélar getur skemmt þvottageyminn vegna tæringar.
 - Til að skola yfirflæðandi salti úr þvottageymi skal fylla á saltgeymi áður en kerfi er ræst.
- Hreinsiefni geta spillt virkni vatnsmýkingarefna.
 - Notið eingöngu salt fyrir uppþvottavélar í þar til gert hólf.
- Óviðeigandi hreinsiefni geta skemmt tækið.
 - Ekki gufuhreinsa.
 - Til að forðast rispur á yfirborði tækis skal ekki nota svampa með grófu yfirborði eða sverfandi hreinsiefni við þrif.
 - Til að forðast tæringu á framhlið uppþvottavélar úr ryðfríu stáli skal ekki nota svamplúta nema þeir hafi verið skolaðir vel nokkrum sinnum fyrir notkun.

Umhverfisvernd og sparnaður

Umbúðum fargað

Umbúðirnar eru umhverfisvænar og nota má þær aftur.

- Fargið einstökum hlutum þeirra aðskildum eftir tegundum.
 - Upplýsingar um nýjustu förgunarleiðir fást hjá IKEA eða héraðs- og borgaryfirvöldum.

Orkusparnaður

Tækið notar minna af rafmagni og vatni ef farið er eftir þessum leiðbeiningum.

Notið Eco 50°.

- ✦ Kerfið Eco 50° er orkusparandi og umhverfisvænt.

Ef einungis skal þvo lítið magn af leirtaui skal nota kerfi fyrir hálfu hleðslu.¹

- ✦ Kerfið lagar sig að minna álagi og eyðsla verður minni.
 - "Viðbótarstillingar", Bls. 13

Aquasensor

Aquasensor er sjónmælíbúnaður (ljósnemi) sem mælir hversu gruggugt skolvatnið er. Hægt er að spara vatn með notkun Aquasensor.

Notkun Aquasensor er bundin við ákveðin kerfi. Ef grugg mælist yfir mörkum er skolvatninu skipt út fyrir hreint vatn. Ef lítið grugg mælist er skolvatnið nýtt í næstu skolun og vatnsnotkun minnkar um 3-6 lítra. Í sjálfvirkum kerfum er hitastig og vinnslutími aðlagð að magni gruggs.

Sjálfvirk hurðaropnun

Vélarhurðin opnast sjálfkrafa. Þannig er þurrkunin mjög hagkvæm.

Til að ná sem bestum árangri við þurrkunina þarf að bíða þá til kerfinu lýkur áður en leirtauið er tekið úr henni. Þegar kerfið endar slokknar táknið fyrir "0h:00m". Ef sjálfvirk hurðaropnun er aftengd eykst orkunotkunin og þurrktíminn styttest yfirleitt.

→ "Yfirlit yfir grunnstillingar", Bls. 22

¹ Eftir útbúnaði

Uppsetning og tenging

Tengið tækið rétt við rafmagn og vatn til að tryggja rétta notkun. Fylgið nauðsynlegum viðmiðum og uppsetningarleiðbeiningum.

Afhentur búnaður

Þegar búið er að taka tækið úr umbúðunum skal athuga hvort allt er óskemmt og hvort eitthvað vantar. Kvartanir skulu berast til IKEA eða þjónustuaðila okkar.

Athugasemd: Skoðun tækis í verksmiðju sýndi fram á fullkomna virkni þess. Því má vera að einhverjir vatnsblettir séu enn á tækinu. Vatnsblettirnir hverfa eftir fyrsta þvott.

Eftirfarandi fylgir með:

- Uppþvottavél
- Notkunarleiðbeiningum
- Uppsetningarleiðbeiningum
- Efni til uppsetningar
- Gufuvarnarplötu
- Saltáfyllingartrekt
- Rafmagnssnúru

Tæki sett upp og tengt

Hægt er að setja grunneiningu eða samþætt tæki í eldhúskrók milli tréveggja og plastveggja. Ef þú síðar setur tækið upp frístandandi þarf að tryggja stöndugleika þess, t.d. með því að skrúfa við vegg eða undir stöðugri borðplötu þétt við aðrar einingar.

1. "Farið eftir öryggisleiðbeiningum." → Bls. 4
2. "Fylgið leiðbeiningum um tengingu við rafmagn." → Bls. 8
3. Athugið afhentan búnað og ástand tækisins.
4. Nauðsynleg mál fyrir uppsetningu má finna í uppsetningarleiðbeiningunum.
5. Settu tækið upp lárétt með stillanlegum undirstöðum. Tryggið að tækið sé stöðugt.
6. "Uppsetning fráveitulagnar." → Bls. 8
7. "Uppsetning neysluvatnslagnar." → Bls. 8
8. Vélin tengd við rafmagn.

Frárennislögn

Tengdu tækið við frárennislögn svo hægt sé að láta gruggugt vatn renna í gegn á meðan á skolun stendur.

Uppsetning fráveitulagnar

1. Fylgdu nauðsynlegum skrefum úr meðfylgjandi uppsetningarleiðbeiningum.
2. Tengdu frárennislögn við sogslöngu holræsislagnar með meðfylgjandi hlutum.
3. Gangið úr skugga um að frárennislögn sé ekki beygð, klemmd eða flækt.
4. Gangið úr skugga um að ekkert lok í holræsi komi í veg fyrir frárennili skólps.

Neysluvatnslögn

Tengið tækið við neysluvatnslögn.

Uppsetning neysluvatnslagnar

Athugasemd

- Þegar skipt er um tæki verður að nota nýja vatnsinntakslöngu.

1. Fylgdu nauðsynlegum skrefum úr meðfylgjandi uppsetningarleiðbeiningum.
2. Tengdu tækið við neysluvatnslögn með meðfylgjandi hlutum. Fylgjast skal með tæknilegum gögnum.
3. Gangið úr skugga um að neysluvatnslögn sé ekki beygð, klemmd eða flækt.

Tenging við rafmagn

Vélin tengd við rafmagn


Athugasemdir

- Fylgið "öryggisleiðbeiningum" → Bls. 4.
 - Aðeins má tengja tækið við rafspennu á bilinu 220 - 240 V og 50 Hz eða 60 Hz.
 - Athugið að vatnsöryggiskerfið virkar eingöngu þegar straumur er á því.
1. Setjið IEC-klóna á rafmagnssnúrunni í samband við tækið.
 2. Setjið tækið í samband við nálæga rafmagnsinnstungu. Tengiuþýsingar tækisins koma fram á tegundarplötu þess.
 3. Gangið úr skugga um að klóin sé vel fest.

Vörulýsing

Tækið

Hér er að finna yfirlit yfir hluta tækisins.



1	Kennispjald	Kennispjald með E númeri og FD númeri. Þessi gögn nýtast í samskiptum við þjónustuaðila.
2	Hólf fyrir hreinsiefni	Fyllið hólf fyrir hreinsiefni með hreinsiefnum. → "Þvottaefni", Bls. 18
3	Neðri leirtausrekki	"Neðri leirtausrekki" → Bls. 14
4	Salthólf	Fyllið á sérhæft salt í geyminn fyrir sérhæft salt. → "Vatnsmykingarefni", Bls. 16


¹ Eftir útbúnaði

5	Neðri úðaarmur	Neðri úðaarmurinn þrífur leirtauði í neðra leirtausrekknum. Þrifa skal úðarmana ef leirtau hreinsast ekki á fullnægjandi hátt. → "Þrif á úðaörmum", Bls. 25
6	Flipalok	Flipar falla sjálfkrafa frá hreinsiefnahólfi á meðan á skolun stendur til að hreinsiefnið leysist upp.
7	Efri leirtausrekki	"Efri leirtausrekki" → Bls. 13
8	Hnífapararekki	"Hnífapararekki" → Bls. 14
9	EmotionLight	Innri lýsing tækis. → "Yfirlit yfir grunnstillingar", Bls. 22
10	Hilla ¹	"Hilla" → Bls. 15
11	Efri úðaarmur	Efri úðaarmurinn þrífur leirtauði í efri leirtausrekknum. Þrifa skal úðarmana ef leirtau hreinsast ekki á fullnægjandi hátt. → "Þrif á úðaörmum", Bls. 25
12	Síukerfi	"Síukerfi" → Bls. 24
13	Hólf fyrir gljóa	Fyllið hólf fyrir gljóa af gljóa. → "Notkun gljóa", Bls. 17

¹ Eftir útbúnaði

Stjórnborð

Með stjórnborðinu stillir notandinn alla eiginleika tækisins og fær upplýsingar um vinnslustöðu. Sumir takkar gera þér kleift að framkvæma ýmsar aðgerðir.



1	AF/Á takki og Reset takki Reset 4 sec.	"Kveikt á vélinni" → Bls. 20 "Slökkt á vélinni" → Bls. 21 "Kerfi stöðvað" → Bls. 21
2	Kerfistakkar	"Kerfi" → Bls. 12
3	Gaumljós fyrir saltáfyllingu	Vatnsmýkingarefni → "Áfylling salts fyrir uppþvottavélar", Bls. 16
4	Gaumljós fyrir áfyllingu gljóa	Gljái → "Áfylling gljóa", Bls. 17
5	Gaumljós fyrir vatnsinntak	Gaumljós fyrir vatnsinntak







¹ Eftir útbúnaði

6	Takkar fyrir kerfi og viðbótarstillingar	Kerfi → "Yfirlit yfir kerfi", Bls. 12 Viðbótarstillingar → "Viðbótarstillingar", Bls. 13
7	Start takki Start	"Kerfi sett í gang" → Bls. 20
8	Takki Setup 3 sec.	Þegar ýtt er á Setup 3 sec. í um 3 sekúndur opnast grunnstillingar. → "Grunnstillingum breytt", Bls. 23
9	Forval á tíma	"Stilling forvals tíma" → Bls. 20
10	Hurðarhúnn ¹	Vélarhurð opnuð.
11	Skjár	Skjárinn sýnir upplýsingar um þann tíma sem eftir er eða grunnstillingar. Hægt er að breyta grunnstillingum með skjánum og stillingatökkunum. → "Grunnstillingum breytt", Bls. 23

¹ Eftir útbúnaði

Tákn á skjánum ¹

Það fer eftir uppsetningu tækisins, skjárinn sýnir eftirfarandi tákn. Finndu skýringarnar á þessu.

TÁKN	LÝSING
	Ef umhirðutáknid fyrir vél kviknar á skjánum skaltu framkvæma umhirðu vélarinnar. → "Machine Care  ", Bls. 23
	Þegar gaumljós gljáa logar á skjánum skal fyllt á gljáa. → "Áfylling gljáa", Bls. 17
	Ef gaumljós salts logar á skjánum skal fyllt á salt í salthólfið áður en kerfi er sett í gang. → "Áfylling salts fyrir uppvottavélar", Bls. 16
	Við fyrstu gangsetningu kviknar táknid á skjánum og slokknar svo aftur. Tækið er ekki WiFi-virkt ¹ .
	Ef það er vandamál með vatnsinntakið eða -úttakið kviknar eða blikkar táknid á skjánum.

¹ Wi-Fi er skráð vörumerki Wi-Fi Alliance.







¹ Eftir útbúnaði

Yfirlit yfir kerfi

Hér má finna yfirlit yfir stillanleg kerfi. Það fer eftir stillingum vélarinnar hvaða kerfi eru tiltæk en þau má finna á stjórnborði vélarinnar.

Vinnslutími vélar getur verið breytilegur eftir því hvaða forrit er valið. Vinnslutími fer eftir hitastigi vatns, magni leirtaus, gruggi skolvatns og því kerfi sem valið hefur verið. Ef slökkt er á gljáakerfi eða gljáa skortir mun vinnslutími breytast.

Upplýsingar um eyðslu má finna í leiðarvísunum. Notkun er miðuð við venjulegar aðstæður og hörku vatns 13 - 16 °dH. Mismunandi áhrifaþættir geta leitt til fráviks t.d. hitastig vatns eða vatnsþrýstingur.

KERFI	NOTKUN	FRAMVINDA KERFIS
 Intensive 70°	Leirtau: • Pottar, pönnur, hitaþolið leirtau og hnífapör Magn óhreininda: • Fastar, brenndar, þurrar, sterkju- og próteinríkar matarleifar	Aukinn máttur: • Forþvottur • Þvottur 70 °C • Skolun • Gljápvottur 69 °C • Þurrkun
AUTO Auto 45-65°	Leirtau: • Þvær blandað leirtau og hnífapör Magn óhreininda: • Hálfþurrir, venjulegir matarafgangar	Fínstilltur skynjari: • Skynjari hámarkar vinnslu útfrá gruggi í skolvatni.
ECO Eco 50°	Leirtau: • Þvær blandað leirtau og hnífapör Magn óhreininda: • Hálfþurrir, venjulegir matarafgangar	Sparkerfi: • Forþvottur • Þvottur 50 °C • Skolun • Gljápvottur 48 °C • Þurrkun
 Quiet 50°	Leirtau: • Þvær blandað leirtau og hnífapör Magn óhreininda: • Hálfþurrir, venjulegir matarafgangar	Hljóðlátari: • Forþvottur • Þvottur 50 °C • Skolun • Gljápvottur 63 °C • Þurrkun
 Quick 1h 65°	Leirtau: • Þvær blandað leirtau og hnífapör Magn óhreininda: • Hálfþurrir, venjulegir matarafgangar	Tímasparnaður: • Þvottur 65 °C • Skolun • Gljápvottur 69 °C • Þurrkun
 Quick 45°	Leirtau: • Viðkvæmt leirtau, hnífapör, plast sem þolir ekki mikinn hita og glös Magn óhreininda: • Fjarlægð litlar nýjar matarleifar	Tímasparnaður: • Þvottur 45 °C • Skolun • Gljápvottur 55 °C
 PreRinse	Leirtau: • Allt leirtau Magn óhreininda: • Köld skolun, milliþvottur	Köld skolun: • Forþvottur
 Machine Care	Notið eingöngu þegar tækið er tómt.	Umhirða vélar 70°C

Athugasemd: Tiltölulega lengri notkunartími í Eco 50° forritinu stafar af lengri bleyti- og þurrktíma. Þetta gerir bestu neyslugildi kleift.

Upplýsingar um prófstofnanir

Þær stofnanir sem framkvæma prófanir fá leiðbeiningar um samanburðarpróf, t.d. samkvæmt EN60436.

Það eru þau skilyrði til að framkvæma prófanirnar en ekki útkomu eða eyðslu.



Frekari fyrirspurnir má senda með tölvupósti á: dishwasher@test-appliances.com

Gefið upp vörunúmer (E-Nr.) og framleiðslunúmer (FD) sem finna má á kennispjaldi á hurð vélarinnar.

Viðbótarstillingar

Hér má finna yfirlit yfir viðbótarstillingar. Það fer eftir stillingum vélarinnar hvaða viðbótarstillingar eru tiltækar en þær má finna á stjórnborði vélarinnar.

VIÐBÓTARKERFI	NOTKUN
$\frac{1}{2}$ Half Load	<ul style="list-style-type: none"> • Notist þegar ekki er mikið leirtau. • Notið minna þvottaefni í hreinsihólfíð en mælt er með fyrir fulla vél. • Vinnslutími styttest. • Minnkuð vatns- og orkunotkun.

VIÐBÓTARKERFI	NOTKUN
 IntensiveZone	<ul style="list-style-type: none"> • Notist þegar um mjög skítugt eða töluvert skítugt leirtau er um að ræða. Setjið mjög skítuga potta og pönnur í neðri rekka og leirtau í efri rekka. • Sprautuþrýstingur í neðri rekka er aukinn og hámarkshitastigi haldið lengur. Eykur vinnslutíma og orkunotkun.
 ExtraDry	<ul style="list-style-type: none"> • Til að auka þurrkun er meiri gljaskolon og lengri þurrkunartími. • Hentar sérstaklega til að þurrka plasthluti. • Orkunotkun eykst lítillega og vinnslutími er lengdur.


Búnaður

Hér er yfirlit yfir mögulega eiginleika vélarinnar og notkun hennar.

Búnaður er mismunandi eftir tegund vélar.

Efri leirtauskúffa

Raðið bollum og glösum og litlum hnífapörum í efri leirtauskúffuna.




Hægt er að stilla hæð efri rekka til að pláss sé fyrir stærri diska.


Stilling efri leirtausrekka með hliðarstöngum

Stillið hæð efri leirtausrekka til að þvo stóra diska.

1. Dragðu út efri leirtausrekkann.
2. Til að koma í veg fyrir að óhreinindi falli úr leirtauskúffunni þarf að halda skúffunni til hliðar við efri brún.
3. Ýtið sveifunum sem eru vinstra og hægra megin á utanverðri leirtauskúffunni inn á við.



4. Hækkið eða lækkið leirtauskúffuna í rétta hæð sem hentar.




Gangið úr skugga um að leirtauskúffan sé í sömu hæð báðum megin.


5. Sleppa stjórnstöngum.
- ✓ Leirtausrekkinn smellur á sinn stað.
6. Setjið leirtausrekka á sinn stað.

Neðri leirtausrekki

Setjið potta og diska í neðri leirtauskúffuna.




Eins og sjá má er hægt að setja diska allt að 34 cm að þvermáli í neðri rekka.



Hnífapararekki

Setjið hnífapör í hnífaparaskúffuna.




Látið odda eða eggjar vísa niður. Fyrir stærri hnífapör er hægt að endurstilla hnífaparabakkann.


Stillingar hnífapararekka

Til að rýma fyrir hærra eða breiðari hlutum er hægt að fella hillurnar til hliðar niður og breyta stöðu gataraðanna.

1. Til þess að brjóta niður hliðar körfunnar þarf að ýta sveifinni framán á við ① og fella niður körfuna til hliðanna ②.




2. Til að brjóta niður fremri gataraðirnar þarf að ýta sveifinni framán á við og breyta stöðu gataraðanna ①.




Ráð

Ef á að setja hnífaparaskúffuna í upprunalegt horf þarf að brjóta hliðarnar upp þar til þær heyrast smella aftur á sinn stað.



Hilla


Setjið litla bolla og glös eða stærri hnífapör líkt og trésleifar eða framreiðsluáhöld á hilluna eða í plássíð fyrir neðan hana.



Ef ekki er þörf á hillunni er hægt að ýta henni upp.

Grindur

Notið fellanlegu grindurnar til að raða leirtai, t.d. diskum, á öruggan hátt.



Hæð leirtausrekka

Stillið leirtauskölfurnar í viðeigandi hæð.

Hæð einingar er 86,5 cm með hnífapararekka


HÆÐ	EFRI KARFA	NEÐRI KARFA
1 há. ø	18 cm	33 cm/"34 cm" → Bls. 14
2 há. ø	20,5 cm	30,5 cm
3 há. ø	23 cm	28 cm

Til að fá betra pláss fyrir potta, skálar og glös er hægt að fella grindurnar niður.¹

Grindurnar felldar niður¹

Ef ekki er þörf á grindunum er hægt að fella þær niður.

1. Ýtið sveifinni fram á við ① og fellið grindurnar niður ②.



2. Ef þörf er á grindunum er nægt að reisa þær aftur upp.
✓ Grindurnar heyrast smella á sinn stað.

¹ Eftir útbúnaði

Fyrir fyrstu notkun

Fyrsta gangsetning

Stilla verður vélina við fyrstu gangsetningu eða eftir að endurstíllt verksmiðjustillingar.

Skilyrði: "Vélin er uppsett og tengd." → Bls. 8

1. "Áfylling salts fyrir uppþvottavélar." → Bls. 16
2. "Áfylling gljáa." → Bls. 17
3. "Kveikt á vélinni." → Bls. 20

4. "Stilling vatnsmýkingarefnis." → Bls. 16
5. "Stillingar aukagljáa." → Bls. 17
6. Fyllið á með "hreinsiefni." → Bls. 18
7. Ræsiðstillingu með hæsta þvottahitastig án leirtaus.
Við mælum með það keyra tækið án leirtaus fyrir fyrstu notkun vegna hugsanlegra vatnsbletta og annarra leifa.

Ráð: Þessum og öðrum grunnstillingum má breyta hvenær sem er.

Vatnsmýkingarefni

Hart, kalkríkt vatn getur skilið eftir kalkleifar á leirtaui og í vélinni og stíflað hluta vélarinnar.

Til þess að ná sem bestum þvotti er hægt að mýkja vatn með vatnsmýkingarefni eða salti fyrir uppþvottavélar. Til að forðast skemmdir á vélinni mýkið vatn með hærra en 7 °dH í hörku.

Yfirlit yfir stillingar vatnshörku

Hér má finna yfirlit yfir stillingar gilda vatnshörku.

Hægt er að fá upplýsingar um hörku vatns frá vatnsveitum eða með vatnshörkuprófunum.

VATNSHARKA °dH	HÖRKUSVIÐ	MMÓL/L	GILDISSTILLING
0 - 6	mjúkt	0 - 1,1	H00
7 - 8	mjúkt	1,2 - 1,4	H01
9 - 10	miðlungs	1,5 - 1,8	H02
11 - 12	miðlungs	1,9 - 2,1	H03
13 - 16	miðlungs	2,2 - 2,9	H04
17 - 21	hart	3,0 - 3,7	H05
22 - 30	hart	3,8 - 5,4	H06
31 - 50	hart	5,5 - 8,9	H07

Athugasemd: Stilltu vélina á viðeigandi vatnshörku.


→ "Stilling vatnsmýkingarefnis", Bls. 16

Ef vatnsharkan er 0 - 6 °dH má sleppa bæði salti fyrir uppþvottavélar og vatnsmýkingarefni.

→ "Slökkt á kerfi vatnsmýkingarefnis", Bls. 17

Stilling vatnsmýkingarefnis

Stillið vélina á viðeigandi hörkustig.

1. Finnið vatnshörkustig og viðeigandi gildi.
→ "Yfirlit yfir stillingar vatnshörku", Bls. 16
2. Ýtið á .
3. Ýtið á **Setup** 3 sec. í 3 sekúndur til að opna grunnstillingar.
✓ Skjárinn sýnir Hxx.
✓ Skjárinn sýnir **set**.
4. Ýtið endurtekið á **Start** þar til viðeigandi vatnsharka hefur verið stíllt.
Verksmiðjustilling hefur gildið H04.
5. Ýttu á **Setup** 3 sec. í 3 sekúndur til að vista stillingar.

Salt fyrir uppþvottavélar


Hægt er að mýkja vatn með salti fyrir uppþvottavélar.

Áfylling salts fyrir uppþvottavélar

Ef gaumljós salts logar skal fyllt á salt í salthólfid áður en kerfi er sett í gang. Neysla á sérstöku salti fer eftir hörku vatnshörku. Því meiri hörku vatnsins, því meiri neysla á sérstöku salti.

ATHUGIÐ!

- Hreinsiefni geta spillt virkni vatnsmýkingarefna.
 - Notið eingöngu salt fyrir uppþvottavélar í þar til gert hólf.
 - Sérstakt salt fyrir uppþvottavélar getur skemmt þvottageyminn vegna tæringar.
 - Til að skola yfirflæðandi salti úr þvottageymi skal fylla á saltgeymi áður en kerfi er ræst.
1. Skrífið lokið af salthólfinu og fjarlægjið.
 2. Við fyrstu notkun skal fylla hólfid af vatni.
 3. **Athugasemd:** Notið eingöngu salt sem er sérstaklega gert fyrir uppþvottavélar.
Ekki nota salttöflur.
Ekki nota borðsalt.
Fyllið salthólfid af salti fyrir uppþvottavélar.



Fyllið salthólfíð af salti fyrir uppþvottavélar. Vatnið í hólfinu lekur út.

- Setjið lokið aftur á hólfíð og festið vel.

Slökkt á kerfi vatnsmykingarefnis


Ef þú notar samsett þvottaefni með saltuppþót er hægt að slökka á gaumljósi salts.

Athugasemd

Til að koma í veg fyrir skemmdir á vélinni skal einungis slökkt á gaumljósinu í eftirfarandi tilvikum:

- Vatnsharka er að hámarki 21 °dH og notast er við samsett þvottaefni með saltuppþót. Samkvæmt framleiðanda er einungis hægt að nota samsett þvottaefni upp að vatnshörku 21 °dH án þess að bæta við salti.

- Vatnsharka er undir 0 - 6 °dH. Hægt er að sleppa salti fyrir uppþvottavélar.

- Ýtið á .
- Ýtið á Setup 3 sec. í 3 sekúndur til að opna grunnstillingar.
 - ✓ Skjárinn sýnir Hxx.
 - ✓ Skjárinn sýnir set.
- Ýtið endurtekið á Start þar til til skjárinn sýnir H00.
- Ýttu á Setup 3 sec. í 3 sekúndur til að vista stillingar.
 - ✓ Slökkt er á vatnsmykingarefni og gaumljós salts er óvirkt.

Endurnýjun vatnsmykingarefnis

Til að viðhalda virkni mykingarkerfisins framkvæmir vélin reglubundna endurnýjun kerfisins.

Endurnýjun mykingarkerfisins er framkvæmd í öllum kerfum fyrir lok aðalþvotts. Það lengir vinnslutíma og eyðslu, t.d. vatn og orku.

Yfirlit yfir eyðslu endurnýjunar vatnsmykingarefnis

Hér má finna yfirlit yfir hámarks viðbótartíma og eyðslu við endurnýjun vatnsmykingarefnis.

Endurnýjun vatnsmykingarefnis eftir x margar skolanir	6
Viðbótartími í mínútum	7
Aukin vatnsnotkun í lítrum	5
Aukin orkunotkun í kWh	0,05

Uppgefin eyðsla eru mæld á rannsóknarstofu í samræmi við gildandi staðla og ákvörðuð með Eco 50° áætluninni og verksmiðjustillingu fyrir 13 - 16 °dH vatnshörku.

Notkun gljáa


Gljái

Notið gljáa til að ná sem bestri þurrkun. Notið einungis gljáa fyrir heimilisuppþvottavélar.


Áfylling gljáa

Þegar gaumljós gljáa logar skal fyllt á gljáa. Notið einungis gljáa fyrir heimilisuppþvottavélar.

- Ýtið á flipa á loki gljáhólfsins ① og lyftið ②.




- Fyllið hólfíð af gljáa upp að merkingu hámarks.



- Ef gljái hefur flætt uppúr hólfinu skal þrífa það. Aukið magn gljáa í vélinni getur leitt til of mikillar froðumyndunar.
- Lokið gljáhólfinu.
 - ✓ Flipinn smellur á sinn stað.

Stillingar aukagljáa

Ef för og vatnsblettir eru á leirtaui eftir þvott skal breyta stillingum.


- Ýtið á .
- Ýtið á Setup 3 sec. í 3 sekúndur til að opna grunnstillingar.

- ✓ Skjárinn sýnir Hxx.
- ✓ Skjárinn sýnir **set**.
- 3. Ýtið endurtekið á Setup 3 sec. þar til skjárinn sýnir gildi verksmiðjustillingarinnar sem er r05.
- 4. Ýtið endurtekið á Start þar til viðeigandi gljápvtastilling er valin.
 - Lágt gildi bætir litlum gljáa við skolvatnið og dregur úr vatnsröndum á leirtaui.
 - Hærri gildi eykur gljáa í skolvatni, dregur úr vatnsblettum og skilar betri þurrkun.
- 5. Ýttu á Setup 3 sec. í 3 sekúndur til að vista stillingar.

Slökkt á notkun gljáa

Ef þú notar þvottaefni með gljáa er hægt að slökka á gaumljósi gljáa.

Ráð: Virk gljáanotkun er takmörkuð fyrir samsett hreinsiefni. Betri árangur næst með notkun gljáa.

1. Ýtið á .
2. Ýtið á Setup 3 sec. í 3 sekúndur til að opna grunnstillingar.
 - ✓ Skjárinn sýnir Hxx.
 - ✓ Skjárinn sýnir **set**.
3. Ýtið endurtekið á Setup 3 sec. þar til skjárinn sýnir gildi verksmiðjustillingarinnar sem er r05.
4. Ýtið endurtekið á Start þar til skjárinn sýnir r00.
5. Ýttu á Setup 3 sec. í 3 sekúndur til að vista stillingar.
 - ✓ Slökkt er á gljákerfi og gaumljós gljáa er óvirkt.

Þvottaefni

Hentug þvottaefni

Notið aðeins þvottaefni ætlað uppvottavélum. Bæði venjuleg og samsett þvottaefni henta.

Til þess að fá sem bestan þvotta- og þurrkunarárangur notið þvottaefni ásamt "salti fyrir uppvottavélar" → *Bls. 16* og "gljáa" → *Bls. 17*.

Núttíma, afkastamikil hreinsiefni nota aðallega kalklitla formúlu með ensímum. Ensímin brjóta niður sterkju og leysa upp prótein. Yfirleitt eru súrefnisbundin bleikiefni notuð til að fjarlægja litaða bletti s.s. tómatósu eða te.

Athugasemd: Fylgið leiðbeiningum frá framleiðanda þvottaefnisins.

Töflur

Töflur henta fyrir öll þvottakerfi og ekki þarf að mæla skammtana.

Í styttri kerfum er ekki öruggt að töflurnar leysist alveg upp og leifar af þeim geta orðið eftir. Það kann að hafa áhrif á gæði þvottarins.

Uppþvottaduft

Mælt er með að nota þvottaduft fyrir styttri kerfi. Aðlagið skammtinn eftir því hversu óhreint leirtauið er.

Fljótandi þvottaefni

Fljótandi þvottaefni eru hraðvirkari og mælt er með því fyrir styttri kerfi án forþvottar.

Fljótandi þvottaefni getur lekið úr sápuhólfinu enda þótt hreinsiefnishólfið sé lokað. Það er ekki galli og kemur ekki að sök í eftirfarandi aðstæðum:

- Valið er kerfi án forþvottar.
- Tímastilling er ekki notuð.

Aðlagið skammtinn eftir því hversu óhreint leirtauið er.

Einfalt þvottaefni

Einfalt þvottaefni eru vörur sem innihalda ekkert nema hreinsiefni t.d. uppvottaduft eða fljótandi uppvottaefni.

Með dufti eða fljótandi þvottaefni er hægt að aðlaga skammtinn eftir hversu óhreint leirtauið er.

Til að ná sem besta þvotti og þurrkun og til að forðast skemmdir á vélinni skal að auki nota "salt" → *Bls. 16* og "gljáa" → *Bls. 17*.

Samsett þvottaefni

Auk hefðbundinna þvottaefna er boðið upp á úrval af vörum með viðbótarefnum. Til viðbótar við hreinsiefnið inni halda þessar vörur einnig gljáa og salt (3 í 1) og eftir samsetningu (4 í 1, 5 í 1, ...) viðbótarefni s.s. glervörn eða gljáa fyrir stál. Samkvæmt framleiðanda virka samsett þvottaefni aðeins upp að vatnshörku 21 °dH. Ef vatnsharka er yfir 21 °dH verður að bæta við salti og gljáa. Fyrir bestu útkomu þvottar og þurrkunar í vatnshörku 14 °dH mælum við með því að bæta við salti og gljáa. Ef samsett þvottaefni er notað aðlagast skolunarkerfið sjálfkrafa til að fá sem besta skolun og þurrkun.

Óhentug þvottaefni

EKKI skal nota þvottaefni sem geta valdið skemmdum á búnaði eða verið hættuleg heilsu þinni.

Handsápa

Handsápa getur valið aukinni froðumyndun og skemmdum á búnaði.

Þvottaefni sem innihalda klór

Leifar af klór á leirtaui geta stofnað heilsu þinni í hættu.

Ráð um þvottaefni


Fylgið leiðbeiningum þegar þvottaefni eru notuð.

- Þvottaefni sem merkt eru "Bio" eða "Eco" hafa yfirleitt minna magn virkra hreinsiefna (af umhverfisástæðum) eða sleppa ákveðnum innihaldsefnum alveg. Það getur leitt til þess að þvottavirknin sé minni.
- Stillið gljákerfi og vatnsmýkingarkerfi eftir því hvort venjulegt eða samsett þvottaefni er notað.
- Samkvæmt framleiðanda getur samsett þvottaefni með auka salti eingöngu verið notað upp að vatnshörku 21 °dH, án þess að bæta við salti fyrir uppvottavélar. Fyrir bestu útkomu þvottar og þurrkunar í vatnshörku 14 °dH mælum við með því að bæta við salti.
- Til að forðast að þvottaefnið festist við hendur skal aðeins handleika þvottaefni í vatnsuppleysanlegu slíðri með þurrum höndum og setjið það aðeins í þurrt hreinsiefnishólfi.
- Jafnvel þó gaumljós gljáa og/eða salts lýsi mun kerfi virka sem skyldi ef samsett þvottaefni er notað.
- Virk gljáanotkun er takmörkuð fyrir samsett hreinsiefni. Betri árangur næst með notkun gljáa.

- Notið töflur með sérstakri þurrkunarvirkni.


Fyllt á þvottaefnið

1. Ýtið á láshnappinn til að opna hreinsihólfið.
2. Fyllið hreinsihólfið af þvottadufti.



Ef þú notar töflur þá dugur ein. Leggið töflu í hólfið. Ef þú notar duft eða fljótandi þvottaefni skal fylgja leiðbeiningum framleiðanda um skammtastærð. Fyrir meðal óhreinindi duga 20 ml – 25 ml af þvottaefni. Ef leirtau er ekki mjög óhreint duga lægra magn en gefið er upp.

3. Lokaðu hreinsihólfinu.



- ✓ Flipinn smellur á sinn stað.
- ✓ Hreinsihólfið opnast sjálfkrafa á réttum tíma í þvottakerfinu. Duft og fljótandi þvottaefni leysast upp í vélinni. Töflur fara í töflubakkann og dreifast þaðan. Ekki setja aðskotahluti í töfluhólfið, það getur hindrað upplausn töflunnar.

Ráð: Ef þú notar uppvottaduft og velur kerfi með forskolun, geturðu bætt við dufti stráðu innan á hurð vélarinnar.

Leirtau

Einungis nota leirtau sem þolir þvott í uppvottavél.

Athugasemd: Skreytingar, álhlutir og silfur getur upplitast eða litast við þvott. Viðkvæmar gerðir glers geta orðið skýjaðar eftir nokkra þvotta.

Skemmdir á gleri og leirtau

Þvoðu eingöngu glös og postulín sem framleiðandi hefur sagt að séu örugg fyrir uppvottavél. Forðastu skemmdir og tjón á leirtau.

ORSÖK	TILMÆLI
Eftirfarandi leirtau er ekki mælt með að þvo í uppvottavél: <ul style="list-style-type: none"> • Hnífapör og borðbúnaður úr tré • Skrautgler, list- og handverksmunir og antík • Óvarmaþolnir plasthlutir • Leirtau úr kopar og tini • Leirtau þakið ösku, vaxi, fitu eða málningu • Mjög lítið leirtau 	Þvoðu einungis borðbúnað sem merktur er fyrir uppvottavél.
Efnasamsetning þvottaefnis veldur skemmdum.	Notið þvottaefni sem framleiðandi viðurkennir.
Mjög ætandi basísk eða súr hreinsiefni, ætluð fyrir iðnað eða atvinnurekstur, eru ekki örugg fyrir uppvottavél.	Ef þú notar mjög ætandi, basísk eða súr hreinsiefni ætluð fyrir iðnað eða atvinnurekstur skaltu alls ekki setja hluti úr áli í vélina

ORSÖK	TILMÆLI
Hiti vatns þvottakerfis er of hár.	Veljið kerfi með lægra hitastig. Fjarlægið glös og hnífapör úr vélinni að kerfi loknu.


Raðað inn leirtau

Raðið leirtauinu rétt í til að þvotturinn takist sem best og komið sé í veg fyrir skemmdir á leirtauinu og tækinu.


Ráð

- Með notkun vélarinnar sparast orka og vatn miðað við uppvott í höndum.
- Til að spara orku og vatn ætti ekki að setja meira en uppgefinn borðbúnað í vélina (Hefðbundið álag með diskum og hnífapörum).

- Til að ná sem bestum árangri í þvotti og þurrkun þarf að raða leirtaui með bungum eða dældum á ská þannig að vatnið geti runnið af þeim.



- Ekki setja smáhluti í töfluhólfíð og forðist að hylja hreinsihólfíð með leirtaui.



- Fjarlægðu stærri matarleifar af leirtauinu. Skolaðu ekki leirtauið með rennandi vatni til að spara auðlindir.
- Raðaðu leirtauinu í vélina og gættu að eftirfarandi:
 - Setjið mjög skítugt leirtau t.d. potta í neðri leirtausrekka. Vegna sterkari úða fæst betri þvottur þar.
 - Til að koma í veg fyrir skemmdir á leirtauinu skaltu raða því þannig að það sé öruggt og stöðugt.
 - Þegar hnífapör eru tekin úr vélinni skaltu láta beittu hlið þeirra vísa niður til að forðast meiðsl.
 - Setjið glös og skálar í þannig að opið vísi niður til að vatn safnist ekki fyrir í þeim.
 - Varist að hindra úðaarmana frá því að snúast.


Þvottur leirtaus

⚠ VIÐVÖRUN Hætta á slysum!

- Heitt leirtau getur valdið bruna. Heitt leirtau er viðkvæmt, getur brotnað og valdið meiðslum.
 - Leyfið leirtaui að kólna aðeins að kerfi loknu og tæmið svo vélina.
- Til að koma í veg fyrir að vatnsdropar falli á leirtau skal vélin tæmast neðan frá.
 - Skoðið geym vélar og fylgihluti og þrífið burt óhreinindi ef þörf er á.
→ "Þrif og umhirða", Bls. 23

Grundvallaratriði varðandi notkun

Kveikt á vélinni

- Ýtið á .
- Kerfið Eco 50° er forvalið. Eco 50° kerfið er sérstaklega umhverfisvænt kerfi og tilvalið fyrir meðalskítugt leirtau. Það er skilvirkasta kerfið sem sameinar rétta orku- og vatnsnotkun fyrir þannig leirtau og er samkvæmt reglugerðir ESB um vishönnun. Ef vélina er ekki notuð í 10 mínútur slekkur hún sjálfkrafa á sér.

Kerfi stillt

Stilltu kerfi sem hentar óhreinindum leirtausins.

- Ýtið á viðeigandi kerfistakka.
- ✓ Kerfi er stillt og takki kerfis blikkar.
- ✓ Vinnslutími kerfis sem eftir er birtist á skjánum.

Stilling viðbótarkerfa



Að auki er hægt að bæta viðbótarkerfum við valið þvotta-kerfi.


Athugasemd: Viðbótaraðgerðir sem eru í boði fer eftir því hvaða kerfi hefur verið valið.

- Ýtið á takka viðbótarkerfis.
→ "Viðbótstillingar", Bls. 13
- ✓ Viðbótarkerfi er stillt og takki viðbótarkerfis blikkar.

Stilling forvals tíma

Hægt er að forstillta upphafstíma kerfis í allt að 24 klukku-stundir.

- Ýtið á .
- ✓ "h:01" birtist á skjánum.
- Notaðu  til að velja tíma til að hefja þvottakerfi.
3. Ýtið á Start.
- ✓ Forval á tíma er virkt.

Ráð: Slökkt er á forvali tíma ef ýtt er á  endurtekið eða þar til skjárin "h:00" birtist.

Kerfi sett í gang

- Ýtið á Start.
- ✓ Kerfinu er lokið þegar "0h:00m" birtist á skjánum.



Athugasemdir

- Ef ætlunin er að setja leirtau í vélina eftir að kerfi er byrjað, ekki nota töfluhólfíð sem handfang fyrir efri leirtausrekka. Þú gætir komist í snertingu við hálfuppleysta töflu.

- Aðeins er hægt að breyta um kerfi með því að hætta við það.
→ "Kerfi stöðvað", Bls. 21
- Til að spara orku slekkur tækið á sér 1 mínútu eftir að kerfið klárast. Ef hurðin er opnuð strax og kerfið klárast slekkur tækið á sér eftir 4 sekúndur.

Kerfi truflað

Athugasemd: Ef upphituð vél er opnuð, hallaðu fyrst hurðinni í nokkrar mínútur og lokaðu svo. Þetta kemur í veg fyrir að ofþrýstingur myndist í tækinu sem gæti opnað hurðina.


1. Opnið hurðina á tækinu varlega.
2. Ýtið á .
- ✓ Kerfið vistast og vélin slekkur á sér.
3. Til að kerfi haldi áfram ýtið á .
4. Lokið hurð vélar.


Kerfi stöðvað

Til að slökkva á kerfi áður en því er lokið eða til að skipta um kerfi verður að hætta við það.

1. Vélarhurð opnuð.
2. Ýtið á **Reset 4 sec.** í u.þ.b 4 sekúndur.
3. Lokið hurð vélar.
- ✓ Hætt er við kerfið og því lýkur eftir u.þ.b. 1 mínútu.

Slökkt á vélinni

1. Fylgið leiðbeiningum um "örugga notkun" → Bls. 7.
2. Ýtið á .


Ráð: Ef ýtt er á  á meðan á þvotti stendur er kerfið stöðvað. Þegar kveikt er aftur á vélinni heldur kerfið sjálfkrafa áfram.

Grunnstillingar

Hægt er að breyta grunnstillingum tækisins eftir þörfum.

Yfirlit yfir grunnstillingar


Grunnstillingarnar fara eftir útbúnaði tækisins.

GRUNNSTILLING	SKJÁTEXTI	VAL	LÝSING
Vatnsharka	H04 ¹	H00 - H07	Stillið vatnsmýkingarkerfi að hörku vatns. Stigið H00 slekkur á vatnsmýkingarkerfi.
Aukinn gljái	r05 ¹	r00 - r06	Stillingar aukagljáa. Stig r00 slekkur á aukagljáa.
Mjög mikil þurrkun	d00 ¹	d00 - d01	Við gljáskolon er hitastið aukið og því næst betri þurrkun. Því gæti vinnslutími aukist lítillega. Athugasemd: Hentar ekki viðkvæmu leirtaui. Kveikt "d01" eða slökkt "d00" á mjög mikilli þurrkun.
Heitt vatn	A00 ¹	A00 - A01	Stillið tengingar kalda og heita vatnsins. Aðeins skal tengja tækið við heitt vatn ef heita vatnið er hitað á orkunýtandi máta og viðeigandi uppsetning er tiltæk, t.d. með sólarorku og hringrás. Hitastig vatns skal vera að minnsta kosti 40 °C og í mesta lagi 60 °C. "A01" kveikt á heitu vatni eða oder "A00" slökkt.
Innri lýsing	E02 ¹	E00 - E02	Innri lýsing. <ul style="list-style-type: none"> • Þegar stillt er á "E00" er innri lýsing ekki virk. • Þegar stillt er á "E01" er lýsing á AF/Á takka  virk. • Með því að stilla á "E02" kviknar innri lýsing þegar hurðin er opnuð. Innri lýsing slokknar sjálfkrafa er hurðin er opin í 10 mínútur.
Time-beam-on-floor	S01 ¹	S00 - S01	Kveikt eða slökkt á Time-beam-on-floor. Á meðan á kerfinu stendur er upplýsingum um framvindu, s.s. tímaval, kerfi eða tími sem eftir er af kerfi varpað á gólf fyrir neðan hurð vélar. Ef sökkull er fyrir framan eða uppsetning innréttingarhurðar er skjárinn ekki sýnilegur. Stig "S00" slekkur á Time-beam-on-floor.
Styrkur hljóðmerkis	b02 ¹	b00 - b03	Stýring styrks hljóðmerkis. Stig "b00" slekkur á hljóðmerki. Ef Eco þurrkunaraðgerð er virk mun vélin ekki gefa frá sér hljóðmerki að kerfi loknu.
